

Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal
Hólum í Hjaltadal
551 Sauðárkrókur

Akureyri, 25. júní 2020
UST202003-248/G.S.Á.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit 2020 - Háskólinn á Hólum - Verið - Vísindagarðar.

Þann 3. júní sl. fór fram eftirlit í tilraunaeldisstöð Háskólans á Hólum, Verið vísindagarðar. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávík komu fram við eftirlit og engar ábendingar voru settar fram.

Virðingarfyllst

G. Stella Árnadóttir

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Halla Einaradóttir
Halla Einaradóttir
teymisstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra

EFTIRLITSSKÝRSLA

Háskólinn á Hólum Verið - Visindagarðar, Sauðárkrók



Dags eftirlits	3.6.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Háskólinn á Hólum	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Háeyri 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	500169-4359	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Kári Heiðar Árnason	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Rakel Þorbergsdóttir	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit og engin ábending var sett fram.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af umhverfisstofnun í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Vettvangsheimsókn var gerð þann 3. júní sl. en rafrænn fundur var haldinn með rekstraraðila þann 8. júní þar sem farið var yfir skráningar, gátlista og fleiri göng, þar sem það hentaði rekstraraðila betur.

ÁBENDINGAR

Engin ábending var sett fram í eftirlitinu.

ANNÆÐ

Í eftirlitinu voru kynntar niðurstöður áhættumats 2019 vegna tíðni eftirlits og farið yfir þá þætti sem rekstraraðili getur haft áhrif til hækkunar eða lækkunar tíðni eftirlits.


Verkferill um förgun aukaafurða dýra og afleiddra afurða sem ekki eru ætlaðar til mannelis var kynntur.

Farið var yfir skráningu olúgeyma en engin olía er geymd á starfsstöðinni alla jafna. Færanlegur 200L plastgeymir er notaður við sérstakar aðstæður líkt og komu upp síðasta vetur þegar rafmagni sló út í lengri tíma og koma þurfti upp varabyrgðum af olíu.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 25.06.2020


Guðbjörg Stella Árnadóttir

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn rekstraraðila:	Dags. eftirlits:	Staðsetning stöðvar:	Brottfallinn starfsleyfisflokkur:
Hólaskóli Verið vísindagarðar	3.6.2020	Sauðárkrók	4
Kennitala rekstraraðila:	Gildistími starfsleyfis:	Kvittun afhent:	Gerð stöðvar:
500169-4359	18.12.2024	Já	Tilraunastöð

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	x			Vel innan marka starfsleyfis sem er 14. tonn á ári. Ein tilraun var í gangi í stöðinni er eftirlit fór fram og var lífmassi í stöðinni um 250kg.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	x			Engar breytingar hafa orðið á stöðinni frá síðasta eftirlitið og eru engar breytingar fyrirhugaðar á næstunni.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).	x			Gott eftirlit er haft með hverri og einni tilraun og haldið utanum skráningar í tengslum við það. Farið var yfir gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi og minnt á að upplýsingar um þau atriði þurfi að vera aðgengilegar eftirlitsaðila við eftirlit, annað hvort útprentað í möppu eða á rafrænni möppu sem er aðgengileg starfsmönnum.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?			x	Á ekki við
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?			x	Á ekki við
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)	x			Uppfærðar áætlanir voru sendar eftirlitsaðila þann 28. nóv 2018. og eru í lagi.

Eftirlit með fiskeldisstöð

Landeldi

Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			x	Á ekki við
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	x			Tryggingaskjal var sent eftirlitsaðila þann 27. nóv 2018 og gildir það skýrteini til 31.07.2019. Rekstraraðili sendir uppfært eintak til eftirlitsaðila.
Er neyðaráætlun til staðar?	x			Í lagi

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?		x		Farið var yfir kosti þess að setja sér umhverfismarkmið og mælt með því að rekstraraðili skoði það.
Stýring á fódurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	x			Klukku- og handfóðrun, lítið fódurmagn í stöðinni.
Er skráning á losun fósförs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?	x			Síðustu mælingar voru gerðar árið 2017. Miðað er við að mælingar séu gerðar á a.m.k. þriggja ára fresti og er minnt á að næstu mælingar skuli gerðar nú í ár.
Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitauppgufun frá frárennslí? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennslí?	x			Ástand frárennslis er óbreytt frá fyrra eftirliti og er í lagi. Frárennslíð fer frá stöðinni og beint út í sjó, austan hafnarsvæðis, á sama svæði og affall sláturhússins.
Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennslí, síun, settjörn, tromlur, oþh. Leið frárennslis frá kerri að viðtaka.	x			Síur eru í hverjum tank og á hverju affalli. Tromla er á stærsta kerinu. Úrgangurinn frá henni fer í setkar og affall af því. Um 150 metrar eru frá húsi að útrás í sjó

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).	x			Viðtakinn er sjór, austan hafnarsvæðisins.
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.	x			Sýni úr frárennsli er tekið 3ja ára fresti og minnt á sýnatöku nú í ár.
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	x			Úrgangur allur flokkaður og fer til Flokku, Sauðárkrók. Dauðfiskur fer í lífrænt flokkunarkar. Verkferill um förgun aukaafurða dýra og afleiddra afurða sem ekki eru ætlaðar til manneldis var sendur rekstraraðila og hann beðinn um að kynna sér efnið.
Er umhverfsvöktun í samræmi við starfsleyfi?	x			Í lagi
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfsvöktunar.			x	Á ekki við um skráningar en niðurstöður mælingar eru sendar eftirlitsaðila.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			x	Á ekki við.
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?	x			Næstu mælingar eru áætlaðar nú í ár. IceProtein

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Þrjú frávík komu fram vegna viðbragðsáætlana og trygginga og tvær ábendingar voru gerðar vegna mælinga.
Skv. lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunareftirlit skal vera til viðbragðsáætlun vegna rekstrarstöðvunar. Skv. 16. grein laga 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda og reglugerðar 1078/2005 um tryggingar skipa og starfsemi á landi vegna bráðamengunar skal rekstraraðili leggja fram fullnægjandi ábyrgðartryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda. Skv. 18. grein laga 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda skal áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar vera til staðar.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

Samantekt:	Engin frávik komu fram í eftirlitinu og engar ábendingar voru settar fram.
Annað:	<p>Vettvangsheimsókn var gerð þann 3. júní sl. en rafrænn fundur var haldinn með rekstraraðila þann 8. júní þar sem farið var yfir skráningar, gátlista og fleiri göng, þar sem það hentaði rekstraraðila betur.</p> <p>Í eftirlitinu voru kynntar niðurstöður áhættumats 2019 vegna tíðni eftirlits og farið yfir þá þætti sem rekstraraðili getur haft áhrif til hækkunar eða lækkunar tíðni eftirlits.</p> <p>Verkferill um förgun aukaafurða dýra og afleiddra afurða sem ekki eru ætlaðar til manneldis var kynntur.</p> <p>Farið var yfir skráningu olúgeyma en engin olía er geymd á starfsstöðinni önnur en sú sem er á áföstum olúgeymi rafstöðvar.</p>

G. Stella Arnadóttir

Undirskrift eftirlitsmanns: _____